



Íslandspóstur

ÁRSSKÝRSLA / ANNUAL REPORT 2014



2014

**TRAUST
VILJI
FRAMSÆKNI**

Hlutverk

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifinga-, samskipta og flutningalausna.

Framtíðarsýn

Íslandspóstur verði nýjunga- og tæknidrifið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.





Efnisyfirlit

4	Ávarp forstjóra: Sókn og vörn
6	Stjórn Íslandspósts
6	Framkvæmdastjórn Íslandspósts
7	Lykiltölur
8	Íslandspóstur árið 2014
14	Ársreikningur
15	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra
16	Áritun endurskoðenda
17	Rekstrarreikningur ársins 2014
18	Efnahagsreikningur 31. desember 2014
19	Eiginfjáryfirlit 2014
20	Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014
21	Skýringar

Sókn og vörn

Árið 1997 tóku stjórnvöld formlega ákvörðun um að stofna hlutafélag um rekstur Íslandspósts. Það var í samræmi við breytingar, sem gerðar höfðu verið og framundan voru um rekstur annarra pósthjólækja víða um heim.

Megintilgangur með þeirri ráðstöfun mun hafa falist í því að reka pósthjólækjuna á einkaréttarlegum forsendum, eins og við á um rekstur annarra hlutafélaga, í von um að þannig mætti gera pósthjólækjuna rekstrarlega sjálfstæða svo ekki þyrfti að greiða fyrir lögbundna pósthjólækjuna úr ríkissjóði.

Lögum samkvæmt er pósthjólækjuna á ábyrgð ríkisins. Íslandspóstur hefur samkvæmt rekstrarleyfi tekið að sér lagaskyldu ríkisins til þess að tryggja öllum landsmönnum pósthjólækjuna. Hlutverk Íslandspósts er samkvæmt samþykktum félagsins að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi. Meginsvið félagsins tengist þannig annars vegar bréfadreifingu og hins vegar vöruflutningum og vörusölu. Viðskiptamódel Íslandspósts byggist á því að skila eigendum viðunandi arði sem miðast við að hagnaður sé árlega um 10% af eigin fé og enn fremur að auka verðmæti fyrirtækisins með því að stuðla að arðbærum vexti.

Tap var á rekstri Íslandspósts á árinu 2014 sem nemur 43 milljónum króna. Það er nokkru minna tap en á árinu 2013 en töluvert vantar upp á að rekstur félagsins skili þeim hagnaði sem arðsemisstefna þess gerir ráð fyrir. Með áframhaldandi magnminnkun áritaðra bréfa má búast við frekara tapi á rekstri Íslandspósts á næstu árum að óbreyttum kröfum í lögum og reglum um alþjónustu í póstdreifingu. Tapið mun aukast ár frá ári og rýra eigið fé félagsins ef ekki verður gripið til nauðsynlegra aðgerða sem háðar eru breytingum á lögum og reglum um pósthjólækjuna.

Hryggjarstykkið í rekstri Íslandspósts er dreifingarnetið sem byggist m.a. á áreiðanleika og hraða. Dreifingarnetið er í minnkandi mæli borið uppi af bréfasendingum og í vaxandi mæli af pakkasendingum. Árituðum bréfum hefur fækkað um 51% frá árinu 2000 en á sama tíma hefur heimilum og fyrirtækjum og þar með pósthjólækjum fjölgað umtalsvert. Þannig eykst kostnaður við dreifingarnetið jafnhliða



því sem hann dreifist á færri bréf ef annað kæmi ekki til, svo sem fjölgun pakkasendinga og hagræðing í rekstri. Íslandspóstur hefur stofnað og keypt fyrirtæki í tengdum og virðisaukandi rekstri og gerst umboðsaðili fyrir nokkur sölu- og þjónustufyrirtæki. Tilgangur þess er að ná betri nýtingu á þeim rekstrarþáttum sem grunnstarfsemi Íslandspósts er byggð á. Sá rekstur er að mestu utan skilgreindrar alþjónustu Íslandspósts og skilaði hann félaginu um 1.700 milljóna króna tekjum og um 240 milljóna króna hagnaði á árinu 2014.

Evrópusambandið hefur skilgreint netverslun sem einn af lykilþáttum í því að efla hagvöxt í Evrópu. Í árslok 2012 birti framkvæmdastjórn sambandsins tvær skýrslur um pakkasjónustu og voru þar sett fram fimm markmið um aukið framboð slíkrar þjónustu sem stefnt var á að ná fyrir mitt ár 2015. Íslandspóstur hefur í samvinnu við samstarfsaðila unnið að innleiðingu þeirra markmiða. Vonast er til þess að með því verði unnt að bjóða upp á viðtækari og betri þjónustu í pakkasendingum sem auðveldað getur til muna netverslun hér á landi, bæði innanlands og til og frá landinu.

Ekki er við því að búast að aukning í vörudreifingu og vöru- og þjónustusölu dugi til þess að mæta tekjutapi Íslandspósts vegna samdráttar í bréfasendingum og auknum kostnaði vegna lögbundinnar þjónustu. Auk hækkunar á burðargjaldi fyrir bréfasendingar, sem er lægst á Íslandi í samanburði við næstu nágrannalönd, hin norðurlöndin, Bretland og Þýskaland, samkvæmt yfirliti, sem Póst- og fjarskiptastofnun Svíþjóðar (PTS) birti á síðasta ári, þá hafa stjórnendur Íslandspósts ítrekað bent á leiðir til þess að draga úr kostnaði sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu árum til þess að mæta frekari samdrætti í bréfadreifingu. Þar má nefna ákvörðun um dreifingu á bréfaþósti annan hvern virkan dag í stað dreifingar alla virka daga, kröfu um staðsetningu póstkassa á lóðamörkum, svo sem gert er í nágrannalöndum, svo og breytingu á afgreiðsluferfi sem miðar að því að sinna póstafréttislu með pósthól í ríkari mæli í stað þess að halda úti rekstri pósthúsa í núverandi mynd.

Á árinu 2014 voru innleiddar stefnuáherslur Íslandspósts sem mótaðar voru af starfsmönnum og markaðar voru og samþykktar af stjórn félagsins á síðari hluta árs 2013. Þær voru settar fram í fimm meginliðum og taka þær mið af nánari kröfum um að (i) auka verðmæti fyrirtækisins til framtíðar, (ii) vaxa í innlendum og erlendum flutningum, (iii) mæta breyttum samskiptaþörfum með rafrænni þjónustu, (iv) aðlagða dreifikerfi að minnkandi bréfamagni og (v) auka vöru- og þjónustusölu. Var meðal annars við það miðað að samhliða fækkun einkaréttarbréfa yrði leitast við að sækja fram á öðrum sviðum og vinna þannig gegn verulegum tekjusamdrætti í árituðum bréfum.

Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar í starfsemi og starfsumhverfi Íslandspósts. Fram undan eru frekari breytingar, ný tækifæri og miklar áskoranir. Stefnumótun fyrirtækisins er ætlað að tryggja hámarksárangur og vera starfsmönnum til leiðsagnar í þeim verkefnum sem fram undan eru. Stjórn og starfsmenn Íslandspósts hafa einsett sér að mæta þörfum viðskiptavina fyrirtækisins með því að efla og auka þjónustu þess á ýmsum sviðum. Á næstu árum verður sjónum fyrst og fremst beint að grunnrekstri og tengdum þjónustusviðum. Þar að auki þarf að vinna að breytingum á lögum og reglugerðum um pósthjónustu sem miða að því að laga þjónustu að þörfum viðskiptavina, auka hagræðingu og hafa augu opin fyrir nýjum tækifærum, nýjum samstarfsaðilum og samlegð við annan arðbæran rekstur. Þannig eru fjölmörg tækifæri til þess að þróa Íslandspóst í samræmi við ákvæði laga og samþykktir félagsins með hagsmuni viðskiptavina, starfsmanna og eigenda að leiðarljósi.

Ingimundur Sigurpálsson,
forstjóri



Undanfarin ár hafa orðið
miklar breytingar í starfsemi og
starfsumhverfi Íslandspósts.
Fram undan eru frekari breytingar,
ný tækifæri og miklar áskoranir.

Stjórn Íslandspósts



Jón Ingi Cæsarsson

Svanhildur Hólm Valsdóttir

Eiríkur Haukur Hauksson, *formaður stjórnar*

Ólöf Kristín Sveinsdóttir

Preben Jón Pétursson

Framkvæmdastjórn Íslandspósts



Andrés Magnússon, *framkvæmdastjóri starfsmannasviðs*

Ingimundur Sigurpálsson, *forstjóri*

Tryggvi Þorsteinsson, *framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs*

Hörður Jónsson, *framkvæmdastjóri pósthúsasviðs*

Anna Katrín Halldórsdóttir, *framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs*

Helga Sigríður Böðvarsdóttir, *framkvæmdastjóri fjármálasviðs*

Lykiltölur

	2014	2013	2012
TEKJUR			
Rekstrartekjur	7.278.500	6.786.821	6.754.077
GJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	3.994.529	3.751.412	3.711.562
Annar rekstrarkostnaður	2.804.693	2.685.890	2.557.209
Rekstrargjöld samtals	6.799.222	6.437.302	6.268.771
Hrein fjármagnsgjöld	(110.698)	(141.533)	(112.342)
Afskriftir	(410.291)	(349.862)	(306.331)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(41.711)	(141.876)	66.633
Tekjuskattur	(1.266)	23.100	(13.985)
(Tap) hagnaður ársins	(42.977)	(118.776)	52.648
KENNITÖLUR			
Veltufjárlutfall	1,28	1,53	1,42
Eiginfjárlutfall	0,47	0,49	0,51
Innra virði hlutafjár	1,59	1,63	1,72
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) í hlutfalli af heildartekjum	6,6%	5,1%	7,2%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum	0,9%	0,0%	2,6%
Arðsemi eigin fjár	-1,8%	-4,8%	2,2%

A man in a red hoodie and black pants is operating a pallet jack in a warehouse. He is leaning forward, pushing the handle of the jack. The jack is carrying a pallet with a large roll of film. The background is dark with several bright spotlights illuminating the scene. A red circular graphic is overlaid on the left side of the image.

Íslandspóstur
árið **2014**

Á síðustu árum hefur verið mikil aukning í netverslun erlendis frá. Þessi þróun hélt áfram á árinu 2014, en gríðarleg aukning var í innflutningi og þá sérstaklega á netverslunarvörum frá Kína, Hong Kong og Singapúr. Þetta hefur haft áhrif á starfsemi Póstsins á ýmsum sviðum, til dæmis í Póstmiðstöð, ábyrgðardeild, á pósthúsum og í útburði. Áhugavert er að þessar sendingar stoppa oft og tíðum skemur á pósthúsum en aðrar sendingar. Allir eru spenntir að sækja vörurnar sem þeir hafa pantað og sækja þær um leið og þeir geta.

Ýmislegt var gert til að bæta þjónustu við þá sem versla á netinu. Tekin var upp forskráning sendinga frá útlöndum en þannig geta viðskiptavinir sem panta sendingar á netinu verið búnir að senda inn upplýsingar til tollmiðlunar áður en sending berst og stýtt þannig biðtímann um allt að þrjá daga. Einnig var boðið upp á flýtiþjónustu í tollmiðlun. Þannig geta viðskiptavinir í afgreiðslu tollmiðlunar fengið sendingar afgreiddar fyrir gegn sérstöku gjaldi.

Pósturinn tók þátt í viðamikilli rannsókn á íslenskri netverslun með Rannsóknarsetri verslunarinnar. Markmið rannsóknarinnar var að skýra stöðu netverslunar á Íslandi í samhengi við alþjóðlega þróun á þessu sviði.

Á árinu var lögð lokahönd á uppsetningu svokallaðra Póstboxa á höfuðborgarsvæðinu. Póstbox eru ný leið fyrir viðskiptavinum til að nálgast pakkana sína þegar þeim hentar, allan sólarhringinn allt árið og kostar ekkert aukalega. Sambærileg þjónusta hefur verið sett upp víða um heim og hefur nýst vel þeim sem skipta við netverslanir, bæði innanlands og milli landa.

Ýmis sérþjónusta við fyrirtæki

Flutningar innanlands jukust á árinu. Þar var sérstaklega um að ræða ýmiskonar sérþjónustu, en Pósturinn hefur sett upp nýjar þjónustuleiðir til að koma til móts við óskir viðskiptavina. Sem dæmi má nefna að á árinu hóf Pósturinn að þjónusta flugfélög varðandi útkeyrslu til farþega á ferðatöskum, sem orðið hafa eftir erlendis. Pósturinn sækir þá töskurnar til flugfélaganna og kemur þeim til eigenda um allt land.

Stoltur styrktaraðili


Pósturinn er aðalstyrktaraðili Blóðbankans og gekk samstarfið vel á árinu. Pósturinn flytur blóð um allt land og styður við bakið á Blóðbankanum við gerð kynningarefnis og auglýsinga sem hvetja fólk til að gefa blóð. Þá var haldið áfram að styrkja Póstmótið, körfuboltamót Breiðabliks. Það samstarf hefur gengið vel og það er gaman að geta stutt við unga íþróttamenn, en rúmlega 800 börn alls staðar að af landinu taka þátt í Póstmótinu á hverju ári.

Aukin tæknivæðing

Á árinu var unnið að aukinni tæknivæðingu á ýmsum sviðum starfseminnar til að bæta þjónustu við viðskiptavinum og auka hagkvæmni í rekstri. Skönnun á bréfaþósti fyrir viðskiptavinum, sem var rekið sem tilraunaverkefni um hríð, hófst af fullum krafti á árinu og hlaut góðar viðtökur. Pósturinn sér þá um að safna saman öllum bréfaþósti viðkomandi aðila, skannar innihaldið og birtir í Möppunni, rafrænu pósthólfi á netinu. Þar er svo hægt að nálgast póstinn sinn hvar og hvenær sem er.


Greiddur arður

Milljónir króna




Afkoma 1999-2014

Milljónir króna



Einkaréttur - Magnbreyting

Milljónir bréfa



● Raun ● Spá



Í flokkun og dreifingu var unnið að aukinni tæknivæðingu. Sett var upp nýtt færiband fyrir pakkavinnslu sem tengir afhleðslu bíla við pakkaflokkun í Póstmiðstöð. Í apríl tók útkeyrsludeildin í notkun nýjar lófátölvur og hugbúnað þar sem sendingar eru skannaðar og kvittað rafrænt fyrir greiðslu. Einnig er í hugbúnaðinum vegvísunarkerfi sem bílstjórar geta stuðst við í starfi sínu. Fleiri rafhjól voru tekin í notkun við bréfaútburð og er stefnt að því að aðlaga dreifingu frekar að hjólunum.

Endurnýjun pósthúsa og þjónusta póstbíla

Á árinu urðu nokkrar breytingar á pósthúsum og póstafræðslu sem miða að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum, bæta aðstöðu starfsfólks og hagræða í rekstri.

Nýtt og glæsilegt pósthús var opnað í Vestmannaeyjum í júní. Gamla pósthúsið, sem byggt var á tímum Pósts og síma, var einkar óhentugt fyrir póstflutninga og miðaði meira að fjarskiptaþjónustu. Húsið þarfnæðist auk þess mikils viðhalds. Í nóvember flutti pósthúsið í Hafnarfirði í nýtt húsnæði í Firði en gamla pósthúsið var einnig staðsett þar. Gamla húsnæðið var orðið of lítið og leitað hafði verið í þó nokkurn tíma að hentugu húsnæði. Það fannst svo loksins á árinu hinum megin við ganginn og hentaði mjög vel.

Í maí færðist þjónusta á Suðureyri og Þingeyri frá samstarfsaðilum í póstbíl sem rekinn er af Póstinum. Í ágúst varð samskonar breyting í Garði. Breytingarnar hafa tekist einstaklega vel og er mikil ánægja meðal íbúa með þessa nýju þjónustu. Í Hrísey var samið við umboðsmann um að sjá um þjónustu við íbúa eyjarinnar. Á árinu var lögð áhersla á að samþætta starf landpósta og póstbíla á minni stöðum og haldið var áfram með samræmingu á staðsetningu bréfakassa í dreifbýli.

Frímerkjaútgáfa

Á árinu voru gefin út alls 37 frímerki eða jafn mörg og árið 2013. Frímerkjin komu út í örkum, heftum og smáörkum á samtals sex útgáfudögum. Einnig komu út þrjár gjafamöppur frímerkja.

Að vanda var mikil fjölbreytni í efnisvali frímerkjana og merkra tímamóta var minnst með fimm frímerkjaútgáfum. Þar á meðal aldarafmæla Hagstofu Íslands og Eimskipafélags Íslands en einnig var þess minnst að íslenski haförnninn hefur verið friðaður í 100 ár. Þá var gefið út frímerki til að minnast þess að 800 ár voru liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar (1214–1284).


Á árinu komu einnig út frímerki í samútgáfu með danska póstinum með handrit úr safni Árna Magnússonar í Árnastofnun í Reykjavík og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn sem þema. Tilefni samútgáfunnar var að minnast þess að árið 2013 voru 350 ár liðin frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara (1663–1730).

Á árinu 2014 vann frímerkið „Ár alþjóðlegrar samvinnu um vatn 2013“, sem kom út 24. janúar 2013, til verðlauna í ítölsku samkeppninni „Asiago International Award for Philatelic Art“ sem haldin var í 44. sinn. Um 100 lönd tóku þátt í keppninni sem hefur verið kölluð „Óskarsverðlaun frímerkjageirans“ og eru undir verndarvæng forseta Ítalíu. Verðlaunin voru í flokknum Vistfræðiverðlaun, „Ecology Prize“ og er þetta í þriðja sinn á tólf ára tímabili sem íslenskt frímerki vinnur til verðlauna í þessari virðulegu samkeppni.


Frímerkjasalan tók þátt í HönnunarMars 2014 með sýningu í sal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem frímerkjaröðin „Íslensk samtímalist V“, tileinkuð innlendri byggingarlist, var sýnd ásamt verkum ungra arkitekta.




Kynjahlutfall starfsmanna




Kynjahlutfall stjórnenda



Fjöldi símtala og netsamtala í þjónustuver Póstsins



Fjöldaskipting eftir störfum



Fræðslu- og starfsmannamál

Að vanda var fjölbreytt fræðsla í boði fyrir starfsmenn Póstsins á árinu 2014. Meðal annars voru haldin námskeið í skyndihjálpi á vegum Rauða krossins og vinnusálfræðingur hélt erindi um starfstengda streitu, en streita er eitt helsta heilsufarsvandamál Vesturlanda og ein helsta orsök fjarveru starfsmanna frá vinnu. Einnig voru haldin erindi um mikilvægi hamingjunnar og í hverju hún felst. Auk þess voru haldin fjöldi sérhæfðra námskeiða fyrir ákveðnar starfsstöðvar eða starfsmannahópa. Í árlegri öryggisviku að hausti var lögð áhersla á starfstengda streitu auk almennra öryggisatriða.

Viðhorfskönnun var lögð fyrir alla fastráðna starfsmenn í október. Niðurstöður sýna almenna starfsánægju, ánægju með yfirmann, vinnuástöðu, tækjabúnað og starfsanda. Hrósi eða hvatning yfirmanns og hvernig staðið er að breytingum er hins vegar eitthvað sem mætti leggja meiri áherslu á.

Þá var á árinu hafinn undirbúningur að innleiðingu fjarnámsvefs til að koma betur til móts við fræðsluþarfir starfsmanna. Á þeim vef verður fjölbreytt fræðsluefni og upplýsingar sem starfsmenn geta nálgast hvar sem þeir eru staðsettir. Innri vefurinn er einnig í stöðugri þróun og vexti en þar hefur áhersla verið á upplýsingagjöf um vörur og þjónustu ásamt fréttafloptningi.

Á vegum Heilsupóstsins var boðið upp á hefðbundnar heilsufarsmælingar á stærstu vinnustöðum Póstsins. Þær njóta alltaf mikilla vinsælda meðal starfsmanna og eru hvatning til að huga að heilsunni. Þeir hraustustu tóku svo þátt í Stóru Póstgöngunni þar sem gengnar voru Síldarmannagötur, úr Hvalfirði yfir í Skorradal.

Félagslíf var að vanda öflugt meðal póstmanna. Fjöldmenn árshátíð var haldin á Broadway 1. mars þar sem þrjú þúsund póstmenn og makar þeirra komu saman og skemmtu sér. Fjölskylduhátíð var haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í september þar sem boðið var upp á skemmtiatriði og veitingar og ungir sem aldnir skemmtu sér vel.





Ársreikningur

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur árið 2014

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Íslandspósts ohf. og dótturfélaga þess sem eru Trönur ehf., Samskipti ehf., Frakt flutningsmiðlun ehf., ePóstur ehf. og Gagnageymslan ehf. sem var keypt í lok júní 2014.

Tap varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 43 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þann 31. desember 2014 nam 2.314 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins þann 31. desember 2014 nam 1.448 millj. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Afkoma Íslandspósts á árinu 2014 var óviðunandi. Á síðustu árum hefur itrekað komið í ljós, að takmarkað svigrúm stjórnenda félagsins til verðákvörðunar innan einkaréttar annars vegar og hagræðingaraðgerða innan alþjónustu hins vegar hefur komið í veg fyrir skilvirk og nauðsynleg viðbrögð við breyttum rekstrarforsendum. Því hefur afkoma félagsins verið óviðundandi, sjá skýringu nr. 23 í ársreikningnum. Á fallandi bréfamarkaði er nauðsynlegt að stjórnarsýsluákvæðanir, sem tengjast verðlagningu og umfangi póstpjónustunnar, verði teknar með skjótari hætti en verið hefur svo að unnt sé að bregðast tímanlega og á viðeigandi hátt við breyttum rekstrarforsendum.

Stjórnarhættir

Stjórn Íslandspósts leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin starfar samkvæmt samþykktum félagsins og eftir vinnureglum sem hún hefur sett sér. Í reglunum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Íslandspósts ohf. hafa í dag rætt um ársreikning fyrir árið 2014 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 19. febrúar 2015.

Stjórn:

*Eiríkur Haukur Hauksson, Svanhildur Hólm Valsdóttir
Jón Ingi Cæsarsson, Ólóf Kristín Sveinsdóttir, Preben Jón Pétursson*

Forstjóri:

Ingimundur Sigurpálsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspósts ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspósts ohf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2014, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðun, 19. febrúar 2015.

Sveinn Arason
Ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2014

REKSTRARTEKJUR	Skýr.	2014	2013
Tekjur af póstpjónustu		6.237.375	5.934.931
Aðrar tekjur		1.041.125	851.890
		<u>7.278.500</u>	<u>6.786.821</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launategd gjöld	5	3.994.529	3.751.412
Beinn kostnaður við póstdreifingu		1.538.269	1.607.110
Annar rekstrarkostnaður		1.266.424	1.078.780
		<u>6.799.222</u>	<u>6.437.302</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)		<u>479.278</u>	<u>349.519</u>
Afskriftir	8	(410.291)	(349.862)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		<u>68.987</u>	<u>(343)</u>
Fjármunatekjur		20.360	15.770
Fjármagnsgjöld		(131.058)	(157.303)
Hrein fjármagnsgjöld	7	<u>(110.698)</u>	<u>(141.533)</u>
Tap fyrir tekjuskatt		(41.711)	(141.876)
Tekjuskattur	16	<u>(1.266)</u>	<u>23.100</u>
Heildarafkoma og tap ársins		<u>(42.977)</u>	<u>(118.776)</u>
SKIPTING AFKOMU			
Hluthafar móðurfélags		(50.560)	(117.612)
Hlutdeild minnihluta		7.583	(1.164)
Heildarafkoma og tap ársins		<u>(42.977)</u>	<u>(118.776)</u>
AFKOMUHLUTUR OG ÞYNNTUR AFKOMUHLUTUR			
Afkomuhlutur og þynntur afkomuhlutur			
á hverja krónu hlutafjár	3.l.	(0,03)	(0,08)

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

EIGNIR	Skýr.	2014	2013
Rekstrarfjármunir	8	3.307.642	3.243.710
Eignarhlutir í öðrum félögum	9	80.372	80.372
Skuldabréf	10	16.171	20.973
FASTAFJÁRMUNIR		<u>3.404.185</u>	<u>3.345.055</u>
Birgðir	11	196.896	200.390
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	12	1.134.836	981.146
Handbært fé	13	86.725	276.175
Eignir til sölu	14	50.140	27.140
VELTUFJÁRMUNIR		<u>1.468.597</u>	<u>1.484.851</u>
EIGNIR SAMTALS		<u><u>4.872.782</u></u>	<u><u>4.829.906</u></u>
EIGIÐ FÉ			
Hlutfé	15	1.447.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður		351.378	351.378
Óráðstafað eigið fé		506.577	557.137
EIGIÐ FÉ HLUTHAFA FÉLAGSINS		<u>2.305.455</u>	<u>2.356.015</u>
Hlutdeild minnihluta		8.137	554
EIGIÐ FÉ		<u>2.313.592</u>	<u>2.356.569</u>
SKULDIR			
Skuldabréfalán	19	1.385.540	1.484.459
Tekjuskattsskuldbinding	17	21.970	20.704
LANGTÍMASKULDIR		<u>1.407.510</u>	<u>1.505.163</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	1.151.680	968.174
SKAMMTÍMASKULDIR		<u>1.151.680</u>	<u>968.174</u>
SKULDIR		<u>2.559.190</u>	<u>2.473.337</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		<u><u>4.872.782</u></u>	<u><u>4.829.906</u></u>

Eiginfjárfirlit 2014

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
ÁRIÐ 2014						
Eigið fé 1.1.2014	1.447.500	351.378	557.137	2.356.015	554	2.356.569
(Tap) hagnaður ársins			(50.560)	(50.560)	7.583	(42.977)
Eigið fé 31.12.2014	1.447.500	351.378	506.577	2.305.455	8.137	2.313.592
ÁRIÐ 2013						
Eigið fé 1.1.2013	1.447.500	351.378	689.749	2.488.627	(2.032)	2.486.595
Arður til hluthafa			(15.000)	(15.000)		(15.000)
Framlag minnihlutaeigenda .				0	3.750	3.750
Tap ársins			(117.612)	(117.612)	(1.164)	(118.776)
Eigið fé 31.12.2013	1.447.500	351.378	557.137	2.356.015	554	2.356.569

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
REKSTRARHREYFINGAR			
Tap ársins		(42.977)	(118.776)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna		(4.377)	(12.180)
Afskriftir	8	410.291	349.862
Fjármagnsgjöld	7	110.698	141.533
Tekjuskattur	16	1.266	(23.100)
		<u>474.901</u>	<u>337.339</u>
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI			
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		5.494	(5.920)
Skammtímakröfur, (hækkun)		(186.699)	(172.150)
Skammtímaskuldir, hækkun		140.382	8.220
		<u>(40.823)</u>	<u>(169.850)</u>
BREYTINGAR Á REKSTARTENGNUM OG SKULDUM			
Innheimtar vaxtatekjur		11.158	14.858
Greidd vaxtagjöld		(76.691)	(78.600)
		<u>368.545</u>	<u>103.747</u>
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI			
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Fasteignir og lóðir	8	(82.289)	(31.788)
Áhöld, tæki og bifreiðar	8	(361.590)	(262.019)
Söluverð eigna		14.895	36.591
Önnur breyting		(25.420)	6.189
		<u>(454.404)</u>	<u>(251.027)</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný langtímalán		0	250.000
Greiddur arður		0	(15.000)
Framlag minnihlutaeigenda		0	3.750
Afborganir langtímalána		(103.591)	(98.251)
		<u>(103.591)</u>	<u>140.499</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
LÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ		(189.450)	(6.781)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN		276.175	282.956
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	13	<u>86.725</u>	<u>276.175</u>

Skýringar

1. FÉLAGIÐ

Íslandspóstur ohf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar og lögheimili þess er að Stórhöfða 29 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðu félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 19. febrúar 2015.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirráð flytjast til hennar. Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Endurgjaldið felur ekki í sér fjárhæðir vegna uppgjors viðskiptasambanda. Slíkar fjárhæðir eru almennt færðar í rekstrarreikning.

Allar óvissar viðbótargreiðslur eru metnar á gangvirði á yfirtökudegi. Ef óvissu endurgjald sem telst fjármálagerningur er flokkað sem eigið fé þá er það ekki endurmetið og uppgjör er fært á eigið fé. Að öðru leyti eru síðari gangvirðisbreytingar óvissa endurgjaldsins færðar í rekstrarreikning.

Þegar þess er krafist að eignarhlutatengdum greiðsluskuldbindingum í eigu starfsmanna yfirtekna félagsins sé skipt út fyrir nýjar eignarhlutatengdar greiðsluskuldbindingar er fjárhæð nýju skuldbindinganna að hluta eða í heild innifalin í mati á endurgjaldi vegna sameiningarinnar. Matið byggir á samanburði nýju og eldri skuldbindinganna. Notað er markaðsmat og tekið tillit til þess að hversu miklu leyti nýjar skuldbindingar tengjast þjónustu sem veitt var fyrir sameininguna.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR, FRH.

a. Grundvöllur samstæðu, frh.

(iii) Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinna einingar á kaupdegi.

Breyting á hlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi sem leiðir ekki til þess að yfirráð tapist er færð sem viðskipti með eigið fé.

(iv) Tap á yfirráðum

Þegar yfirráð samstæðunnar í dótturfélagi tapast eru eignir og skuldir dótturfélagsins færðar út úr samstæðureikningnum ásamt hlutdeild annarra eigenda þess og öðrum liðum eigin fjár. Allur tengdur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Eignarhlutur sem haldið er eftir er metinn á gangvirði á þeim degi sem yfirráð töpuðust.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjorsdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald og er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, að undanskildum fjáreignum til sölu sbr. hér að neðan.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

(i) Fjáreignir til sölu

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangverði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þegar hlutabréf eru ekki skráð á virkum markaði og ekki hægt að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti er fjárfestingin færð á upphaflegu kostnaðarverði að teknu tilliti til greindrar virðisrýrnunar. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er færð úr ársreikningi eða ef um virðisrýrnun er að ræða.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Þegar rekstrarfjármunir samanstanda af einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er mismunur á söluandvirði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna og gjalda.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

d. Rekstrarfjármunir frh.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður meðal rekstrarfjármuna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20-25 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	3-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi.

e. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á meðalkostnaðarverðsreglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi.

f. Virðisrýrnun

(i) *Fjáreignir*

Á hverjum uppgjörsteggi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning við virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

(ii) *Aðrar eignir*

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða (sjá reikningsskilaaðferð e) er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

f. Virðisrýrnun frh.

(ii) Aðrar eignir, frh.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar, ef engin virðisrýrnun hefði orðið. Bakfærsla virðisrýrnunar er færð í rekstrarreikning nema í tilviki eignarhluta í öðrum félögum sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu. Þegar um slíkar eignir er að ræða er bakfærsla virðisrýrnunar færð beint á eigið fé.

g. Fastafjármunir til sölu

Þegar gert er ráð fyrir að bókfært verð fastafjármuna (eða eignasamstæða sem samanstanda af eignum og skuldum) verði endurheimt aðallega með sölu þeirra fremur er áframhaldandi notkun, eru eignirnar eða eignasamstæðurnar endurflokkaðar í efnahagsreikningi sem eignir til sölu. Áður en endurflokkunin á sér stað eru eignirnar (eða einstakir hlutar eignasamstæða) endurmetnir í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Eftir það eru eignirnar (eða eignasamstæðan) almennt metnar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvoru sem lægra reynist.

Virðisrýrnun eignasamstæða er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild, því næst hlutfallslega á aðrar eignir og skuldir innan eignasamstæðunnar. Virðisrýrnun er þó ekki færð til lækkunar á birgðum, fjáreignum eða skatteignum, sem eru áfram metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Virðisrýrnun við upphaflega flokkun eigna sem eru til sölu er færð í rekstrarreikning. Hið sama á við hagnað eða tap af endurmati á síðari uppgjörsdögum en þó er hagnaður aðeins færður að því marki að hann nemi ekki hærrí fjárhæð en uppsafnaðri virðisrýrnun.

h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

i. Tekjur

Tekjur samstæðunnar af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í þeim mánuði sem þjónustan er innt af hendi án tillits til þess hvenær uppgjör fyrir hana berast. Tekjur vegna vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur flyst til kaupanda sem jafnan er við afhendingu.

j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og arði af eignarhlutum í öðrum félögum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR, FRH.

k. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilfellum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstæði auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær mismunirnir snúist við og jafnframt að talið sé líklegt að þeir munu ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstæði.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörstæði og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

l. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem reiknaður er sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga né tekið lán sem breytanlegt er í hlutafé, þannig að þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði á hlut.

m. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur innleitt þá nýju staðla og breytingar á þeim sem taka gildi fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2014. Innleiðing staðlanna hafði ekki veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- * lánsáhætta
- * lausafjáraáhætta
- * markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Skýringar frh.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir og trygginga krafist sé talin ástæða til þess.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið tiltölulegar litlar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru bæði á einstaklinga og félög. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir geta ekki átt frekari lánsviðskipti við samstæðuna nema greiða niður skuldir sínar.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er metin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Viðskiptakröfur samstæðunnar eru færðar niður um 146 millj. kr. (2013: 112 millj. kr.) og skuldabréf í eigu félagsins eru færð niður um 3 millj. kr. (2013: 3 millj. kr.)

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Samningsbundnar greiðslur af fjárskuldum greinast þannig í árslok:

	Bókfært verð	Innan 1 árs	2-3 ár	4-5 ár	Meira en 5 ár
2014					
Skuldabréfalán	1.518.003	213.543	421.749	406.774	1.623.603
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.151.680	1.151.680			
	<u>2.669.683</u>	<u>1.365.223</u>	<u>421.749</u>	<u>406.774</u>	<u>1.623.603</u>
2013					
Skuldabréfalán	1.612.505	224.796	437.207	417.241	1.782.365
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	968.174	968.174			
	<u>2.580.679</u>	<u>1.192.970</u>	<u>437.207</u>	<u>417.241</u>	<u>1.782.365</u>

Skýringar frh.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Lántaka samstæðunnar sem er að 4% hluta í erlendri mynt, EUR, CHF og JPY, myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem móðurfélagið tekur í íslenskum krónum.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna krafna á erlendar póststjórnir og viðskiptavinum í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli samstæðufélaganna. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru SDR og EUR. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu en breytingar á gengi gjaldmiðla hefðu óveruleg áhrif á afkomu samstæðunnar.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar í íslenskum krónum eru bundnar vísitölu neysluverðs eða óverðtryggðar og eru ýmist með breytilegum eða föstum vöxtum. Lántökur í erlendri mynt eru með breytilegum vöxtum. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 15 millj. kr. lakari á árinu 2014 en 15 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari á árinu 2013 en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 16 millj. kr. lakari á árinu 2013 en 16 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávóxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um eiginfjárlutfall.

5. LAUN OG LAUNATENGJ GJÖLD

Laun, launatengj gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:	2014	2013
Laun	3.178.386	2.988.652
Mótframlag í lífeyrissjóð	308.569	288.316
Önnur launatengj gjöld	306.389	290.109
Annar starfsmannakostnaður	201.185	184.335
Laun og launatengj gjöld samtals	<u>3.994.529</u>	<u>3.751.412</u>
Stöðugildi	790	786

Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda námu 100 millj. kr. á árinu (2013: 95 millj. kr.). Þar af voru laun forstjóra 14 millj. kr. (2013: 14 millj. kr.) og laun til stjórnarmanna 7 millj. kr. (2013: 7 millj. kr.). Laun stjórnarformanns eru tvöföld laun stjórnarmanns. Samningar við stjórnendur félagsins kveða hvorki á um kauprétt á hlutum í félaginu né sérstakar greiðslur við starfslok.

Ógreiddar eftirstöðvar starfslokasamninga námu 18 millj. kr. í árslok (2013: 18 millj. kr.) og er tekið tillit til þeirrar fjárhæðar í reikningssskilum félagsins.

Skýringar frh.

6. ÞÓKNANIR TIL ENDURSKOÐENDA

Greiðslur til Ríkisendurskoðunar greinast þannig:	2014	2013
Endurskoðun ársreiknings	6.381	5.785
Könnun árshlutareikninga	4.138	4.488
Samtals	<u>10.519</u>	<u>10.273</u>

7. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2014	2013
Vaxtatekjur og verðbætur	11.698	8.488
Arðstekjur	8.662	7.282
Fjármunatekjur samtals	<u>20.360</u>	<u>15.770</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(121.915)	(129.524)
Gengistap	(9.143)	(27.779)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(131.058)</u>	<u>(157.303)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(110.698)</u>	<u>(141.533)</u>

8. REKSTRARFJÁRMUNIR

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2013	3.128.074	2.720.997	5.849.071
Viðbót á árinu	31.788	262.019	293.807
Selt og niðurlagt	(25.226)	(72.174)	(97.400)
Staða 31.12.2013	<u>3.134.636</u>	<u>2.910.842</u>	<u>6.045.478</u>
Staða 1.1.2014	3.134.636	2.910.842	6.045.478
Yfirtekið við sameiningu fyrirtækja	0	5.005	5.005
Viðbót á árinu	82.289	361.590	443.879
Selt og niðurlagt	(804)	(173.888)	(174.692)
Staða 31.12.2014	<u>3.216.121</u>	<u>3.103.549</u>	<u>6.319.670</u>
Afskriftir			
Staða 1.1.2013	1.097.136	1.427.780	2.524.916
Afskriftir ársins	127.042	222.820	349.862
Selt og niðurlagt	(14.715)	(58.295)	(73.010)
Staða 31.12.2013	<u>1.209.463</u>	<u>1.592.305</u>	<u>2.801.768</u>
Staða 1.1.2014	1.209.463	1.592.305	2.801.768
Yfirtekið við sameiningu fyrirtækja	0	1.460	1.460
Afskriftir ársins	125.821	284.470	410.291
Selt og niðurlagt	(805)	(200.686)	(201.491)
Staða 31.12.2014	<u>1.334.479</u>	<u>1.677.549</u>	<u>3.012.028</u>

Skýringar frh.

8. REKSTRARFJÁRMUNIR, FRH.

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Bókfært verð			
1.1.2013	2.030.938	1.293.217	3.324.155
31.12.2013 og 1.1.2014	1.925.173	1.318.537	3.243.710
31.12.2014	1.881.642	1.426.000	3.307.642
Afskriftahlutföll	0-5%	10-33%	

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð fasteigna og lóða í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

	2014	2013
Vátryggingarverð fasteigna	3.638.743	3.597.731
Fasteignamat fasteigna og lóða	1.994.303	1.871.729
Bókfært verð fasteigna og lóða	1.881.642	1.925.173

Veðskuldir

Á eignum samstæðunnar hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 828 millj. kr. (2013: 864 millj. kr.)

9. EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2014		2013	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Internet á Íslandi hf.	3.781	45.352	3.781	45.352
Vörusjá ehf.	27.500	27.500	27.500	27.500
Sendill is Unimaze ehf.	25	5.000	25	5.000
Eurogiro, nafnverð 100 þús. DKK		2.520		2.520
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>80.372</u>		<u>80.372</u>

10. SKULDABRÉFAEIGN

Skuldabréfaeign greinist þannig:

	2014	2013
Staða 1.1	27.870	32.889
Verðbætur	679	1.168
Afborganir	(6.969)	(6.921)
Breyting á niðurfærslu	789	734
Afborganir næsta árs	(6.198)	(6.897)
Skuldabréfaeign 31.12	<u>16.171</u>	<u>20.973</u>

11. BIRGÐIR

Birgðir í árslok greinast þannig:

	2014	2013
Birgðir rekstrar- og söluvara	104.332	96.867
Frímerkjabirgðir	92.564	103.523
Birgðir samtals	<u>196.896</u>	<u>200.390</u>

Gjaldfærsla birgða á árinu nam 155 millj. kr. (2013: 130 millj. kr.)

Skýringar frh.

12. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG AÐRAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2014	2013
Nafnverð viðskiptakrafna	904.975	776.327
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast	(145.864)	(112.286)
Næsta árs afborgun skuldabréfæignar	6.198	6.897
Aðrar skammtímakröfur	369.527	310.208
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	<u>1.134.836</u>	<u>981.146</u>

13. HANDBÆRT FÉ

Handbært fé greinist þannig:	2014	2013
Markaðsverðbréf	23.286	22.523
Óbundnar bankainnstæður	59.155	248.984
Sjóðir	4.284	4.668
Handbært fé samtals	<u>86.725</u>	<u>276.175</u>

14. EIGNIR TIL SÖLU

Eignir til sölu greinast þannig:	2014	2013
Staða 1.1	27.140	27.140
Viðbót á árinu	23.000	0
Eignir til sölu samtals	<u>50.140</u>	<u>27.140</u>

15. EIGIÐ FÉ

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.448 millj. kr. og hafa allir hlutir verið greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Arður

Ekki var greiddur arður á árinu 2014 vegna rekstrarársins 2013 (2013: 15 millj. kr.)

Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en 25% hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélag gætt, til annarra þarfa.

16. TEKJUSKATTUR

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2014	2013
Frestaðir skattar		
Tímabundnir mismunir	1.266	(23.100)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>1.266</u>	<u>(23.100)</u>
Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2014	2013
Tap ársins	(42.977)	(118.776)
Tekjuskattur	1.266	(23.100)
Tap án tekjuskatts	<u>(41.711)</u>	<u>(141.876)</u>

Skýringar frh.

16. TEKJUSKATTUR, FRH.		2014	2013	
Tekjuskattur fyrirtækja samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	(8.342)	20,0%	(28.375)
Áhrif skattalegra tapa	(23,0%)	9.608	(3,7%)	5.302
Annað	0,0%	0	0,0%	(27)
Virkur tekjuskattur	(3,0%)	1.266	16,3%	(23.100)

17. TEKJUSKATTSSKULDBINDING

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	2014	2013
Tekjuskattsskuldbinding 1.1	20.704	43.804
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.266	(23.100)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12	21.970	20.704

Tekjuskattsskuldbindingin greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	45.762	38.071
Viðskiptakröfur	(18.409)	(13.460)
Frestaður gengismunur	(187)	(3.631)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(22.065)	0
Niðurfærsla skatteignar	16.765	0
Birgðir	104	64
Aðrir liðir	0	(340)
Samtals	21.970	20.704

18. VIÐSKIPTASKULDIR OG AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2014	2013
Viðskiptaskuldir	516.895	415.930
Aðrar skammtímaskuldir	634.785	552.244
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.151.680	968.174

19. VAXTABERANDI SKULDIR

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2014	2013
Lán bundin vísitölu neysluverðs	1.436.833	1.520.955
Óverðtrygð lán í ISK	14.675	19.288
Lán í EUR	30.975	33.976
Lán í CHF	26.829	28.736
Lán í JPY	8.691	9.550
Næsta árs afborganir	(132.463)	(128.046)
Langtímaskuldir	1.385.540	1.484.459

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014		128.046
Árið 2015	132.463	131.817
Árið 2016	136.014	135.164
Árið 2017	140.011	137.450
Árið 2018	144.248	141.941
Árið 2019	148.739	146.701
Síðar	816.528	791.386
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir	1.518.003	1.612.505

Skýringar frh.

20. TENGDIR AÐILAR

Tengdir aðilar félagsins eru íslenska ríkið og fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því auk stjórnar félagsins, helstu stjórnenda þess og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

21. FÉLÖG Í SAMSTÆÐUNNI

Dótturfélög:	Eignarhlutur	
	2014	2013
Samskipti ehf.	100%	100%
Trönur ehf.	100%	100%
Frakt flutningsmiðlun ehf.	62,5%	62,5%
ePóstur ehf.	100%	100%
Gagnageymslan ehf.	100%	-

Í lok júní 2014 gerði Íslandspóstur ohf. samning um kaup á Gagnageymslunni ehf. Starfsemi félagsins felst í útleigu á gagnageymslum í Reykjavík. Félagið er hluti af samstæðunni frá 30. júní 2014.

22. SKIPTING TEKNA OG GJALDA EFTIR REKSTRARÞÁTTUM

Samkvæmt reglugerð nr. 313/2005 eru settar fram kröfur um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda. Reglugerðin inniheldur meðal annars ákvæði um framkvæmd aðgreiningarinnar og upplýsingaskyldu póstrekenda til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Fram til ársins 2012 birti Íslandspóstur upplýsingar um skiptingu tekna og gjalda eftir rekstrarþáttum í ársreikningi, byggt á grundvelli reglugerðarinnar. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 18/2013 um úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts komst stofnunin meðal annars að þeirri niðurstöðu að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður byggji í meginatriðum á viðurkenndri aðferðafræði í samræmi við ákvæði laga nr. 19/2002 um póstpjónustu og tilgreindri reglugerð nr. 313/2005 og jafnframt að stofnunin teldi þörf á að gerðar yrðu ýmsar endurbætur er varði forsendur og framkvæmd.

Í samræmi við umfjöllun og niðurstöður ákvörðunarinnar hefur Íslandspóstur nú gert nauðsynlegar breytingar á kostnaðarbókhaldi félagsins og eru niðurstöðurnar til umfjöllunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Skýringar frh.

23. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Íslenska ríkið fer með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 gr. en hefur falið Íslandspósti að annast einkarétt þess á póstpjónustu. Einkarétti á bréfadreifingu hefur fylgt svokölluð alþjónustuskylda sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstpjónustu með tilteknum gæðum og á viðráðanlegu verði. Á Íslandspósti hvílir því alþjónustuskylda sem nær til sendinga allt að 20 kg. Með henni kemur sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir en tekjum vegna einkaréttar er meðal annars ætlað að standa undir þeim þáttum starfseminnar.

Undanfarin ár hefur einkaréttarbréfum fækkað verulega og eru horfur á sömu þróun næstu ár. Það hefur leitt til þess að tekjur af einkarétti hafa á síðustu árum ekki staðið undir kostnaði við þá alþjónustuskyldu sem á félaginu hvílir og því hefur afkoma félagsins ekki verið viðunandi. Fjárhagsstaða félagsins er enn sterk en eiginfjárlutfall var 47% í árslok. Lausafjárstaða félagsins er hins vegar óviðunandi eða einungis um 87 millj. kr. í árslok og er viðbúið að grípa þurfi til frekari lántöku innan skamms til að unnt verði að sinna lögbundinni þjónustu og standa við skuldbindingar.

Stjórnendur Íslandspósts telja afar brýnt að við þær sérstöku aðstæður sem upp hafa komið og blasa við með fallandi markaði einkaréttarbréfa, verði þeir að geta brugðist hratt við breyttum rekstrarforsendum. Undanfarin ár hefur berlega komið í ljós, að gildandi fyrirkomulag við verðlagningu einkaréttarbréfa hefur hamlað mjög skilvirkum rekstri Íslandspósts, auk þess sem takmarkanir eru á möguleikum til hagræðingaraðgerða vegna þeirrar alþjónustuskyldu sem á félaginu hvílir lögum samkvæmt. Stjórnendur telja því nauðsynlegt að leitað verði leiða til þess að hraða megi ákvörðunum um breytingar á verðskrá sem og um aðgerðir til hagræðingar í rekstri félagsins svo að unnt sé að bregðast tímanlega og á viðeigandi hátt við breyttum rekstrarforsendum.

24. KENNITÖLUR

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2014	2013
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	1,28	1,53
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	0,47	0,49
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé	1,59	1,63
Rekstrarafkoma án afskrifta (EBITDA) í hlutfalli af heildartekjum	6,6%	5,1%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum	0,9%	0,0%
Arðsemi eigin fjár	-1,8%	-4,8%

Skýringar frh.

Óendurskoðaðar upplýsingar

25. ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

Árið 2014	4. árs- fjórðungur 2014	3. árs- fjórðungur 2014	2. árs- fjórðungur 2014	1. árs- fjórðungur 2014	Samtals 2014
Tekjur af pósthjónustu ..	1.850.248	1.493.093	1.454.561	1.439.473	6.237.375
Aðrar tekjur	311.714	300.890	189.582	238.939	1.041.125
	<u>2.161.962</u>	<u>1.793.983</u>	<u>1.644.143</u>	<u>1.678.412</u>	<u>7.278.500</u>
Laun og launat. gjöld	1.149.789	944.150	948.623	951.967	3.994.529
Beinn kostnaður við póstdreifingu	401.184	377.432	366.979	392.674	1.538.269
Annar rekstrarkostnaður .	464.635	305.823	242.910	253.056	1.266.424
	<u>2.015.608</u>	<u>1.627.405</u>	<u>1.558.512</u>	<u>1.597.697</u>	<u>6.799.222</u>
EBITDA	<u>146.354</u>	<u>166.578</u>	<u>85.631</u>	<u>80.715</u>	<u>479.278</u>
Afskriftir	(95.236)	(97.620)	(116.131)	(101.304)	(410.291)
EBIT	<u>51.118</u>	<u>68.958</u>	<u>(30.500)</u>	<u>(20.589)</u>	<u>68.987</u>
Fjármagnsgjöld	(12.790)	(30.981)	(30.284)	(36.643)	(110.698)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	38.328	37.977	(60.784)	(57.232)	(41.711)
Tekjuskattur	(6.077)	(9.181)	3.980	10.012	(1.266)
Hagnaður (tap)	<u>32.251</u>	<u>28.796</u>	<u>(56.804)</u>	<u>(47.220)</u>	<u>(42.977)</u>
Árið 2013					
Tekjur af pósthjónustu	1.724.811	1.387.957	1.380.565	1.441.598	5.934.931
Aðrar tekjur	284.075	186.333	202.204	179.278	851.890
	<u>2.008.886</u>	<u>1.574.290</u>	<u>1.582.769</u>	<u>1.620.876</u>	<u>6.786.821</u>
Laun og launat. gjöld	1.051.630	856.730	937.589	905.463	3.751.412
Beinn kostnaður við póstdreifingu	453.432	384.404	377.144	392.130	1.607.110
Annar rekstrarkostnaður .	341.777	244.342	259.360	233.301	1.078.780
	<u>1.846.839</u>	<u>1.485.476</u>	<u>1.574.093</u>	<u>1.530.894</u>	<u>6.437.302</u>
EBITDA	<u>162.047</u>	<u>88.814</u>	<u>8.676</u>	<u>89.982</u>	<u>349.519</u>
Afskriftir	(75.749)	(92.336)	(90.408)	(91.369)	(349.862)
EBIT	<u>86.298</u>	<u>(3.522)</u>	<u>(81.732)</u>	<u>(1.387)</u>	<u>(343)</u>
Fjármagnsgjöld	(44.069)	(25.516)	(22.268)	(49.680)	(141.533)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	42.229	(29.038)	(104.000)	(51.067)	(141.876)
Tekjuskattur	1.410	28	16.178	5.484	23.100
Hagnaður (tap)	<u>43.639</u>	<u>(29.010)</u>	<u>(87.822)</u>	<u>(45.583)</u>	<u>(118.776)</u>

